

**Heiti áætlunar:** Íslenska 10

**Hópur:** 10. bekkur

Lokamarkmið úr Aðalnámskrá

## **Íslenska**

### **Lestur og bókmenntir**

- geti lagt mat á gildi og trúverðugleika texta og greint aðalatriði frá aukaatriðum
- þekki ýmsar tegundir texta, frá ólíkum tímum
- kunni nokkur valin ljóð utanbókar
- geti beitt helstu hugtökum sem notuð eru í umræðu um bókmenntir
- geti lesið margvíslega texta af öryggi og skilningi
- geti nýtt sér ritaðar, tölulegar og myndrænar heimildir
- geri sér grein fyrir mikilvægi margþættrar lestrarkunnáttu
- hafi innsýn í fjölbreytileika íslenskra og erlendra bókmennta, fornra og nýrra
- lesi sér til gagns og gamans, í námi og starfi
- hafi þjálfast í almennri leit að lestrarefni og upplýsingaleit

### **Málfræði**

- hafi gott vald á íslensku máli í ræðu og riti og ríkulegan orðaforða
- þekki helstu málfræðihugtök og geti beitt þeim í umfjöllun um tungumálið
- trúi á eigin málkunnáttu og rækti með sér áhuga á móðurmálinu
- geri sér grein fyrir að tungumál eru síbreytileg og þekki til nokkurra breytinga á íslensku sem nú eiga sér stað

### **Ritun**

- geti sett saman vísu eða skrifað skáldlegan texta frá eigin brjósti
- hafi vald á réttritun og geti beitt reglum um greinarmerkjasetningu
- hafi góðan orðaforða og beiti ýmiss konar stílbrigðum og myndmáli
- hafi vanist við að notfæra sér hjálpargögn við ritun
- kunni að byggja upp efnisgreinar og færa rök fyrir máli sínu
- hafi tileinkað sér skipulögð vinnubrögð við samningu ritsmíða
- sé fær um að skrifa margvíslega texta af öryggi
- geti nýtt sér leiðbeiningar um textagerð og sé tilbúinn að taka gagnrýni á eigin texta
- hafi þjálfast í að skrifa helstu textategundir og þekki sérkenni þeirra
- kunni að ganga frá ritsmíðum, handskrifuðum og á stafrænu formi

### **Talað mál og hlustun**

**Tímabil:** 24.08.2015-31.05.2016

**Nafn:** Dagný Rósa Úlfarsdóttir

- geti flutt ljóð utanbókar og sagt sögur eftir minni
- beri virðingu fyrir móðurmáli sínu og annarra
- hafi þjálfast í rökræðum og í að tjá eigin tilfinningar og skoðanir
- kunni að hlusta og bregðast við á viðeigandi hátt
- hafi fengið tækifæri til að semja, horfa á og hlusta á margs konar listrænt efni
- flytji mál sitt skýrt og áheyrilega
- geri sér grein fyrir ólíkum kröfum til talaðs máls eftir aðstæðum
- geti nýtt sér fjölmiðla og tekið gagnrýna afstöðu til fjölmiðlaefnis
- taki virkan þátt í samræðum og virði viðeigandi reglur

#### Námsgögn

- Tungutak 3
- Tungufoss 3
- Ýmis ljóð
- Textar úr fornsögum
- Englar alheimsins
- Ítarefni, s.s. af nams.is, Skólavef

---

#### Kennsluaðferðir

##### **Bein kennsla**

Málfræðiatríði, stafsetningarreglur og annað kynnt og útskýrt með dæmum.

##### **Fyrirlestrar**

Fyrirlestrar fluttir um málfar, ræðumennsku, málnotkun og bókmenntir.

##### **Ritun**

Nemendur þjálfar ritunarhæfni sína með ýmsum ritunarverkefnum.

##### **Umræður**

Rætt um lesnar sögur og ljóð, um málfar og málnotkun.

##### **Upplýsingartækni**

Töluverð áhersla er á notkun

---

#### Námsmat

##### **Annað mat**

Nemendur læra ljóð utan að, gildir 10 % af annareinkunn.

##### **Mat á frammistöðu í tímum**

Framlag í tímum/þátttaka í umræðum gildir 15%

##### **Skriflegt próf**

Stafsetning 10%

Skriflegt próf úr málfræðiatríðum og lesnum sögum gildir 50-55%

##### **Sjálfstæð verkefni**

Nemendur vinna verkefni eftir áhugasviðum, gildir 10-15% af annareinkunn.

upplýsingatækninnar í framsetningu og meðferð málsins

### **Utanbókarnám**

Nemendur læra ljóð utan að, 10 fyrir áramót og 10 eftir áramót

### **Vinna með ólika miðla**

Framsetning efnis á mismunandi hátt

### **Þjálfunarforrit**

Notuð til að þjálfa m.a. stafsetningu og málfræði

### **Annað**

Fyrstu vikur skólaársins verða notaðar til upprifjunar á efni síðustu ára - fyrir samræmt könnunarpróf.

**Heiti áætlunar:** Danska

**Hópur:** 10. bekkur

Áfangamarkmið úr Aðalnámskrá

### **Danska**

#### **Hlustun**

- geti fylgt atburðarás í styttri frásögnum sem tengjast orðaforða þeirra efnisflokka sem unnið er með
- skilji og geti nýtt sér hagnýtar upplýsingar sem heyrast við ákveðnar aðstæður, t.d. á járnbrautarstöð, á flugvelli, í banka, á matsölustað

**Tímabil:** 21.09.2015-21.10.2015

**Nafn:** Helga Gunnarsdóttir

og öðrum stöðum sem tengjast daglegu lífi

- geti hlustað eftir tilteknum upplýsingum í samtali eða frásögn
- geti skilið aðalatriði úr stuttum útvarps- og sjónvarpsfréttum sem valdar eru með tilliti til nemandans
- skilji heildarinntak í samtölum tveggja um efni almenns eðlis
- skilji til fulls samtöl tveggja, tilkynningar og frásagnir þar sem notaður er orðaforði sem fengist er við

### **Lestur**

- geta beitt yfirlitslestri, þ.e. lesið í gegn texta og áttað sig á megininntaki hans
- geta beitt nákvæmnislestri, þ.e. skilið inntak texta nokkuð nákvæmlega
- geta leitað uppi texta á Netinu, t.d. um áhugamál eða sem ítarefni með öðru námsefni
- geta beitt leitarlestri, þ.e. leitað að ákveðnum upplýsingum í texta
- geta giskað á merkingu einstakra orða út frásamhengi

### **Ritun**

- geti skrifað einfaldar aukasetningar
- geti tjáð sig um nokkuð sérhæft efni í tengslum við þemu eða annað sem fengist hefur verið við
- geti tjáð skoðanir sínar og hugsanir á skiljanlegu rituðu máli og í góðu samhengi
- geti ritað stutta frásögn í rökréttu samhengi hratt og örugglega með því að umorða eftir þörfum þegar orðaforða þrýtur
- geti lesið og skilið nákvæmlega stutta texta eða textabrot þar sem efnið tengist þeim orðaforða sem fengist er við
- geti leitað upplýsinga um undantekningar frá meginreglum málfræði og málnotkunar eða þegar þekkingu nemenda þrýtur
- geti fyrirhafnarlaust lesið texta þar sem hann leitar eftir ákveðnum upplýsingum úr t.d. blöðum, bókum og rafrænum texta
- geti skilið megininntak í smásögum og skáldsögum sem ætlaðar eru unglíngum og haldið þræði án þess að skilja hvert orð
- geti haft upp á og lesið texta og nýtt sér efnið til áfámhaldandi vinnu
- geti lesið sér til gagns mismunandi gerðir texta sem tengjast efnisflokkum sem fengist er við
- geti beitt grunnreglum málfræðinnar við ritun texta

### **Talað mál - frásögn**

- geti sagt nokkuð lipurlega frá ýmsu sem hann hefur áhuga á og haldið rökréttum þræði í frásögninni, t.d. sagt sögu, greint frá draumum sínum, vonum og væntingum, atburðum og reynslu
- geti sagt frá nánasta umhverfi sínu, landi og þjóð á einföldu máli
- geti endursagt smásögu, blaðagrein, frásögn, samræður eða viðtöl og svarað spurningum út frá innihaldi

### **Talað mál - samskipti**

- geti tjáð hug sinn og skoðanir, fært rök fyrir máli sínu, brugðist við skoðunum annarra og verið þeim sammála eða ósammála með viðeigandi orðalagi
- geti beðið um upplýsingar og leiðbeiningar, t.d. á flugvöllum, lestarstöðvum, verslunum og veitingastöðum

- geti notað grunnorðaförða úr efnisflokkum, sem fjallað hefur verið um, á eigin forsendum í nýju samhengi
- hafi vald á nokkrum orðum sem gefa til kynna að hann vilji fá orðið, t.d. jamen, altså, ved du hvad
- geti tjáð sig um tilfinningar, þarfir, óskir og athafnir daglegs lífs af kurteisi og með viðeigandi orðalagi
- geti óundirbúið tekið þátt í samræðum um efni sem hann þekkir, hefur áhuga á eða sem tengist daglegu lífi, t.d. fjölskyldu, áhugamálum, starfi, ferðalögum og málefnum líðandi stundar

#### Lokamarkmið úr Aðalnámsskrá

##### Danska

-

- geti hlustað eftir og skilið smáatriði í samtölum, tilkynningum og frásögnum þar sem nauðsynlegt er að skilja til fullnustu það sem sagt er
- geti óundirbúið tekið þátt í samræðum við ólíka viðmælendur um efni sem hann þekkir, hefur áhuga á eða sem tengist daglegu lífi
- hafi fengið innsýn í danska siði, menningu og þjóðfélag
- geti skrifað samfelldan texta með einföldum aukasetningum og beitt meginreglum um málnotkun
- kunni aðferðir til þess að auka orðaförða sinn á markvissan hátt
- viti hvernig hann getur stuðlað að eigin framförum í málanáminu
- hafi öðlast aukna málvitund í dönsku
- geti lesið í ólíkum tilgangi og beitt ólíkum lestraráferðum (leitarlestur, yfirlitslestur, hraðlestur og nákvæmnislestur)
- geti lesið sér til gagns og ánægju og getið sér til um merkingu orða út frá samhengi
- skilji heildarinntak í munnlegum frásögnum og samtölum tveggja um efni almenns eðlis sem hæfir aldri hans og þroska
- geti sagt nokkuð lipurlega frá ýmsu sem hann hefur áhuga á og haldið rökréttum þræði í frásögninni

#### Þrepamarkmið úr Aðalnámsskrá

##### Danska

###### Hlustun

- geti skilið aðalatriði í töluðu máli þegar fjallað er um málefni úr daglegu lífi hans og viðfangsefnum sem unnið er með í öðrum þáttum málanámsins
- geti fylgt atburðarás í frásögnum (3-5 mínútur) sem tengjast orðaförða efnisflokka sem unnið er með
- geti skilið fyrirhafnarlaust venjuleg fyrirmæli og leiðbeiningar í daglegu lífi

###### Lestur

- geti beitt yfirlitslestri, þ.e. skilið megininntak texta með því að lesa hann hratt yfir
- geti fyrirhafnarlaust beitt leitarlestri þar sem hann leitar eftir ákveðnum upplýsingum
- geti skilið megininntak lengri texta, t.d. blaðagreina, smásagna eða skáldsagna, og haldið þræði án þess að skilja hvert einasta orð

## Ritun

- hafi lært að skrifa texta með góðu samhengi
- geti skrifað einfaldar aukasetningar
- geti tjáð sig um nokkuð sérhæft efni í tengslum við þemu eða annað sem unnið hefur verið með
- geti skrifað lengri samfelldan texta um efni, sem tengjast daglegu lífi, (u.þ.b. 150-200 orð) með nokkuð réttri stafsetningu
- geti skrifað nokkrar einfaldar textagerðir, t.d. persónuleg sendibréf, tölvupóst, skilaboð o.s.frv.

## Talað mál

- geti notað grunnorðaforða úr efnisflokkum, sem unnið hefur verið með, á eigin forsendum í nýju samhengi
- geti gefið til kynna virka hlustun, t.d. með látbragði eða fylliorðum
- geti rætt um ákveðin efni, sem fjallað hefur verið um, á dönsku
- hafi vald á nokkrum hikorðum
- geti hafið og endað samtal
- geti beðið um leyfi eða aðstoð, boðið fram aðstoð sína, leyft eitthvað eða hafnað einhverju
- hafi réttan framburð á e, geti spreytt sig á framburði á a og e
- geti hrósað öðrum, látið í ljós þakklæti og ánægju/óánægju
- geti mælt sér mót við einhvern og samið um stað og stund
- geti leiðrétt sig og afsakað sig

## Námsgögn

- Ekko lesbók og vinnubækur, dönsk málfræði, dönsk tónlist, danskt sjónvarpsefni og danskar kvikmyndir.

### Kennsluaðferðir

#### Bein kennsla

Innlöng kennara á viðfangsefni hvers tíma fyrir sig. Farið yfir orðin sem þarf að glósa, hvað þýða þau og hvernig þau eru borin fram. Kennarinn ber þá fram orðin og nemendur á eftir til þess að tryggja sem réttastan framburð.

Farið yfir orð og merkingu þeirra á íslensku til þess að nemendur öðlistgrunnorðaforða í dönsku.

#### Hlustunarefni

### Námsmat

#### Mat á frammistöðu í tímum

Frammistaða og virkni í tímum gildir 10% af heildareinkunn hvernar annar.

#### Skriflegt próf

Í lok hvorrar annar eru skrifleg próf sem gilda 40% af lokareinkunn.

#### Vinnubók

Vinnubók og önnur verkefni sem ætalst er til að nemendur vinni á hvorri önn eru metin í lokaeinkunn og gilda 10% af lokaeinkunn.

#### Kannanir

Til að æfa og þjálfra skilning á dönsku.

### **Tónlist**

Kynna fyrir nemendum danska tónlist til þess að ýta undir frekari áhuga á tungumálinu og um leið að ýta undir skilning og orðaforða í dönsku.

### **Umræður**

Æfa framburð, talað mál og grunnorðaforða í dönsku.

### **Aðrar kennsluaðferðir**

Danskar kvikmyndir og danskt sjónvarpsefni verður notað í kennslu til að þjálfra skilning og kynna betur fyrir nemendum menningu landsins. Í einhverjum tilfellum vinna nemendur verkefni út frá því sem horft er á en þess á milli er á efnið frekar að ýta undir áhuga á dönsku og menningu Dana.

Unnið með orð af orði, orð dagsins, til að ýta undir skilning og orðaforða.

Á hvorri önn eru fjórar kannanir í óreglulegum sögnum. Hver könnun gildir 5% af lokaeinkunn.

### **Annað mat**

Verkefni sem nemendur vinna í 3. dönskutímanum (áformstímum) eru 20% af lokaeinkunn hvorrar annar.

Þessi verkefni eru ekki uppúr námsbókunum í staðin eru þau unnin í tengslum við danskt sjónvarpsefni, lestur á léttlestrarefni á dönsku og frjálstri skrift um ákveðið efni.

### **Annað**

Dönskutímar fara eins mikið og hægt er fram á dönsku og eru þá nemendur líka hvattir til þess að spreyta sig á tungumálinu í kennslustundum.

**Heiti áætlunar:** Enska

**Hópur:** 10. bekkur

**Tímabil:** 24.08.2015-30.05.2016

**Nafn:** Vera Ósk Valgarðsdóttir

## Lokamarkmið úr Aðalnámskrá

### Enska

- 
- geti beitt helstu málfræðiatríðum í ræðu og riti
- geti tjáð sig lipurlega og tekið þátt í umræðum um kunnugleg málefni og tjáð sig á viðeigandi hátt eftir aðstæðum
- geti skrifað samfelldan texta á viðeigandi máli um kunnuglegt efni og fylgt helstu hefðum varðandi uppbyggingu, þ.e. inngang, meginmál og niðurlag
- geti skilið almennt talað mál manna á milli
- hafi öðlast nægilegt vald á orðaforða til að geta lesið hjálparlaust flesta almenna texta, svo sem dagblöð og tímaritsgreinar
- hafi tileinkað sér markvissar námsaðferðir, t.d. beitt mismunandi lestrarlagi eftir eðli texta og tilgangi með lestrinum og getið sér til um merkingu orða út frá samhengi
- geti flutt stutt undirbúið erindi um efni sem hann þekkir og gert grein fyrir skoðun sinni

### Námsgögn

- Spotlight 10, lesb.vinnub.
- Léttlestrarbækur
- Efni af neti, s.s. New in Levels
- Kvikmyndir

#### Kennsluáðferðir

---

##### Bein kennsla

Farið yfir málfræðiatríði á töflu.

Farið yfir glósutækni og skyldleika orða.

##### Fræðslumyndir

Horft á myndefni sem veitir innsýn í menninguna.

##### Samræðuaðferðir

Nemendur ræða um efnið sem til umfjöllunar er hverju sinni og festa orðaforðann þannig í minni.

##### Tjáning

Nemendur segja hópnum frá einu og öðru sem þeir hafa upplifað. Þeir fá

#### Námsmat

---

##### Skriflegt próf

Próf eftir hvern kafla, málfræðiatríði og lesskilningur í bland. Prófin gilda í heild 70 %

Þýðing (10%)

Hlustun (10%)

##### Mat á frammistöðu í tímum

Þátttaka í umræðuverkefnum og vinnulag. (10%)

##### Munnlegt próf

Spurt út úr textum sem lesnir hafa verið.

Texti lesinn í prófi og ræddur. Farið yfir orðskýringar og heildarskilning texta. (20 %)



spurningar um efnið og fá þannig færi á að sýna málskilning sinn og orðaforða.

### **Vinnubókarkennsla**

Nemendur þjálfast í því að nota orðaforðann á tiltekinn hátt og að nýta sér þá þekkingu sem þeir hafa aflað sér með námi sínu. Þeir leysa t.d. málfræðiæfingar og ritunaræfingar.

### **Jafningjamat**

### **Kannanir**

### **Persónumöppur**

### **Ritgerð**

### **Samræmt próf**

**Heiti áætlunar:** Íþróttir

**Hópur:** 10. bekkur

Lokamarkmið úr Aðalnámskrá

**Tímabil:** 25.08.2015-27.05.2016

**Nafn:** Finnbogi Guðmundsson

---

### Skólaíþróttir

#### Félagsþroski - tilfinningaþroski - siðgæðisþroski

- geri sér grein fyrir gildi samvinnu í leik og keppni
- sýni öðrum virðingu og umburðarlyndi í leik og starfi
- öðlist áhuga og jákvætt viðhorf til íþróttaiðkunar, líkams- og heilsuræktar
- öðlist og styrki jákvæða sjálfsmýnd með þátttöku í leikjum, íþróttum, hreyfingu, dansi eða útiveru

#### Líkamsþroski - fagurþroski

- geti nýtt sér stöðluð þrekpróf til að byggja upp eigið þrek og líkamshreysti
- þjálfist í undirstöðuatriðum almennrar líkamsbeitingar
- efli á markvissan hátt líkamshreysti sína og þrek

#### Skynþroski - hreyfiþroski

- þjálfist í undirstöðuatriðum helstu íþróttagreina sem stundaðar eru hér á landi
- geti stjórnað gróf- og fínhreyfingum
- finni farveg fyrir hreyfiþörf sína í fjölbreyttum æfingum og leikjum

#### Vitsmunþroski

- þekki og tileinki sér þjálfunarleiðir íþróttar og heilsuræktar
- þekki gildi heilbrigðs lífnis fyrir starfsemi líkamans
- þekki íslenska íþróttamenningu, s.s. glímu og leiki
- þekki og tileinki sér öryggis- og skipulagsreglur í skólaíþróttum
- búi yfir fjölbættum orðaforða sem tengist líkams- og heilsurækt

---

### Námsgögn

- Ýmis íþróttáhöld

---

#### Kennsluaðferðir

**Bein kennsla**

**Hreyfing**

**Sýnikennsla**

**Verklegar æfingar**

---

#### Námsmat

**Mat á frammistöðu í tímum**

Metið verður eftir hegðun, virkni og stundvísi.

**Frammistöðumat**

Frammistöðumat verður 60 % af

heildareinkunn og mun skiptast í  
þolpróf 40 %  
hreytipróf 30 %  
liðleikapróf 30 %

**Heiti áætlunar:** Samfélagsfræði

**Hópur:** 10. bekkur

Lokamarkmið úr Aðalnámsskrá

### **Samfélagsfræði**

-

- setji sig í spor fólks á ýmsum tímum og á ólíkum menningarsvæðum, einkum jafnaldra sinna
- geti fjallað um hugtökin samfélag, menning og sjálfsmynd og útskýrt hvernig hann skilur þau
- geri sér grein fyrir gildi og afstæði frásagnar um samfélagið og skýringa á atburðum og aðstæðum og þroski þannig með sér gagnrýna hugsun
- geti sett sjálfan sig og fjölskyldu sína í samhengi við hugtökin fortíð, nútíð og framtíð

### **Þjóðfélagsfræði**

- þekki uppbyggingu á íslensku stjórnkerfi, s.s. þrískiptingu ríkisvalds, stjórnarskrá, sveitarstjórnir, hagsmunasamtök, kosningar og Alþingi
- öðlist færni í tjáskiptum og rökræðu um samfélagsmál og að fylgja eftir skoðunum sínum
- þroski með sér borgaravitund og geri sér grein fyrir hvað felst í að vera virkur og ábyrgur þátttakandi í samfélaginu

Þrepamarkmið úr Aðalnámsskrá

### **Þjóðfélagsfræði**

#### **Borgaravitund og lýðræði**

- ræði um alþjóðavitund og fjölmenningu og öðlist skilning á grundvallarmannréttindum í því samhengi
- kynnist og hugleiði stjórnkerfi samfélagsins með því að athuga hverjir hafa mest að segja um ákveðin valin málefni, t.d. hvað má vera lengi úti á kvöldin
- kynnist og hugleiði stjórnkerfi samfélagsins með því að athuga hverjir hafa mest að segja um ákveðin valin málefni, t.d. hvað kaupíð er í unglíngavinnunni
- kynnist og hugleiði stjórnkerfi samfélagsins með því að athuga hverjir hafa mest að segja um ákveðin valin málefni, t.d. hvenær má setja menn í fangelsi
- verði fær um að beita gagnrýninni hugsun í samskiptum
- efli samskiptafærni sína og læri að bera virðingu fyrir skoðunum og lífsgildum annarra
- þekki helstu alþjóðlega samninga og samþykktir sem Íslendingar hafa samþykkt
- þjálfist í að geta tjáð og rökrætt skoðanir sínar
- greini hvernig stjórnsmál og samfélag tengist lífi hans sjálfs
- fjalli um hvað felst í hugtakinu borgaravitund og gildi hennar fyrir samfélagið

**Tímabil:** 24.08.2015-31.05.2016

**Nafn:** Helga Gunnarsdóttir

- kynnist og hugleiði stjórnkerfi samfélagsins með því að athuga hverjir hafa mest að segja um ákveðin valin málefni, t.d. hvað lært er í skólanum

### **Efst á baugi**

- fjalli um valin málefni sem rætt er um í fjölmiðlum
- finni leiðir til að afla sér og vinsa úr upplýsingaefni
- þjálfist í að líta á málefni frá mismunandi sjónarhornum og að draga "sjálfsagða hluti" í efa
- geti rætt um brýn málefni af tilfinningu og rökfestu
- meti upplýsingar á gagnrýninn hátt

### **Réttindi og skyldur**

- kanni hvað honum leyfist og leyfist ekki samkvæmt lögum og reglum, athugi hvernig reglunum er framfylgt og ræði réttmæti þeirra, t.d. um útivist, fjárráð, kynlíf, vinnu
- ímyndi sér hóp eða samfélag þar sem engar gefnar reglur gilda og hvernig

### **Samastaður í heiminum**

- skilji hvað átt er við með sjálfbærri þróun og fjalli um eigin ábyrgð í því samhengi
- hugleiði og skilgreini hvaða kosti og galla það hefur í för með sér að búa á Íslandi, t.d. með hliðsjón af mannréttindum
- hugleiði og skilgreini hvaða kosti og galla það hefur í för með sér að búa á Íslandi, t.d. með hliðsjón af náttúrufari
- hugleiði og skilgreini hvaða kosti og galla það hefur í för með sér að búa á Íslandi, t.d. með hliðsjón af stöðu homma og lesbía
- hugleiði og skilgreini hvaða kosti og galla það hefur í för með sér að búa á Íslandi, t.d. með hliðsjón af jafnrétti kynja
- hugleiði og skilgreini hvaða kosti og galla það hefur í för með sér að búa á Íslandi, t.d. með hliðsjón af stærð samfélags
- greini hvaða þjóðum Íslendingar eiga mest sameiginlegt með og helst samleið með á fyrri tíð
- greini hvaða þjóðum Íslendingar eiga mest sameiginlegt með og helst samleið með landfræðilega
- greini hvaða þjóðum Íslendingar eiga mest sameiginlegt með og helst samleið með um menningu
- greini hvaða þjóðum Íslendingar eiga mest sameiginlegt með og helst samleið með að stjórnarhari
- meti möguleika Íslands í Evrópusamstarfi með hliðsjón af nokkrum þáttum: sjálfsmynd þjóðarinnar
- meti möguleika Íslands í Evrópusamstarfi með hliðsjón af nokkrum þáttum: öðrum tengslum, einkum við Norðurlönd og Ameríku
- meti möguleika Íslands í Evrópusamstarfi með hliðsjón af nokkrum þáttum: fullveldi þjóðar
- meti möguleika Íslands í Evrópusamstarfi með hliðsjón af nokkrum þáttum: hagsmunum, einkum í atvinnuvegum
- meti möguleika Íslands í Evrópusamstarfi með hliðsjón af nokkrum þáttum: lýðræði
- hugleiði og skilgreini hvaða kosti og galla það hefur í för með sér að búa á Íslandi, t.d. með hliðsjón af lífskjörum

### **Sjálfsmynd**

- hugleiði hvernig sjálfsmynd hans verður til hvort fjölskyldan skiptir minna máli á þessum aldri en áður
- rökraði hvort sjálfsmynd (eða hlutverk) breytist eftir því hvar maður er staddur, t.d. í útlöndum

- hugleiði hvernig sjálfsmynd hans verður til hvað það skiptir miklu máli að við erum / erum ekki Evrópubúar/Íslendingar/Vestmannaeyingar o.s.frv.
- rökræði hvort sjálfsmynd (eða hlutverk) breytist eftir því hvar maður er staddur, t.d. í systkinahópi
- rökræði hvort sjálfsmynd (eða hlutverk) breytist eftir því hvar maður er staddur, t.d. með hinu kyninu
- hugleiði hvernig sjálfsmynd hans verður til hvort fjórðungi bregður til móður/föður/fósturs/nafns
- velti fyrir sér kostum og göllum þess að vera "eins og hinir"
- geti gert upp við sig hvað mestu máli skiptir í lífinu
- rökræði hvort sjálfsmynd (eða hlutverk) breytist eftir því hvar maður er staddur, t.d. í bekknum
- hugleiði hver hann er í augum sjálfs sín og annarra

#### Námsgögn

- Þjóðfélagsfræði

#### Kennsluaðferðir

---

##### **Bein kennsla**

Bein kennsla er notuð í upphafi hvers kafla þegar verið er að fjalla um nýtt efni áður en umræður og verkefnavinna hefst. Það á að auðvelda nemendum að skilja efnið.

##### **Heimildarvinna**

Nemendur vinna heimildarvinnu um eitt ákveðið viðfangsefni samfélagsfræðinnar einu sinni á skólaárinu. Það er til þess að dýpka þekkingu þeirra á viðkomandi viðfangsefni.

##### **Umræður**

Efnið er rætt samhliða lestri og vinnu til þess að auka skilning og þekkingu á efninu.

##### **Aðrar kennsluaðferðir**

K-V-L aðferðin í Orð af orði notuð. Þar sem nemendur segja frá því sem

#### Námsmat

---

##### **Skriflegt próf**

Í lok hvorrar annar er eitt skriflegt próf sem gildir 30% af lokaeinkunn.

##### **Mat á frammistöðu í tímum**

Virgni og þátttaka í tímum er metið til einkunnar og gildir 10% hvora önn.

##### **Vinnubók**

Verkefni sem nemendur vinna í lok hvers kafla gilda alltaf 20% af lokaeinkunn hvorrar annar.

##### **Ritgerð**

Á vorönn gera nemendur heimildaritgerð um eitt ákveðið efni sem gildir 20 % af lokaeinkunn.

##### **Kannanir**

Á vetrarönn taka nemendur tvær kannanir úr efni bókarinnar sem gilda hvor um sig 15% af lokaeinkunn.

Á vorönn taka nemendur eina könnun úr

þeir kunna um efnið, hvað þeir vilja læra eða vita um efnið og í annarlok segja þeir hvað þeir hafa lært um efnið.

efni bókarinnar sem gildir 10% af lokaeinkunn.

**Annað mat**

Nemendur vinna hvora önn eitt stærra hópverkefni sem er metið til einkunnar og gildir verkefnið 10% af lokaeinkunn hvorar annar.

**Heiti áætlunar:** Stærðfræði

**Hópur:** 10. bekkur

**Þrepamarkmið úr Aðalnámskrá**

### **Stærðfræði**

#### **Hlutföll og prósentur**

- fáist við hlutföll við samanburð á stærðum og geti notað þau í útreikningum
- nái tókum á vaxtareikningi og öðrum verslunareikningi
- fáist við prósentureikning sem tengist raðgreiðslum, launaútreikningum og afskriftum og beri saman afborgunarverð (t.d. með raðgreiðslum) og staðgreiðsluverð
- nái góðum tókum á prósentureikningi sem algengur er í þjóðfélaginu og kynnist því að hækkun stærðar um ákveðna prósentu og síðan lækkun um sömu prósentu gefur ekki upphaflegu stærðina

#### **Lausnir verkefna og þrauta**

- kynnist því hvernig hægt er að leysa þraut með því að vinna sig til baka og nota form og gerð hugsanlegrar lausnar til að finna hver lausnin er
- glími við verkefni og þrautir þar sem lausnarleiðir eru ekki augljósar fyrir fram; þrautirnar geti verið með eða án talna, gestaþrautir jafnt og þrautir sem mæta fólki í daglegu lífi
- glími við þrautir sem leystar eru með því að búa til jöfnur

#### **Mynstur og algebra**

- nái fullkomnu valdi á lausn fyrsta stigs jöfnu með einni óþekktri stærð og geti beitt þeirri færni á öðrum sviðum stærðfræði, t.d. í rúmfræði og verslunareikningi
- leysi einfaldar annars stigs jöfnur með þáttun
- leysi einföld orðadæmi með því að setja upp slíkar jöfnur
- tileinki sér aðferðir til að leysa saman tvær fyrsta stigs jöfnur með tveimur óþekktum stærðum
- margfaldi upp úr svigum og þátti fyrsta og annars stigs margliður
- einfaldi margvíslegar táknaðstæður og geri skýran greinarmun á jöfnu og stæðu

#### **Reikniaðferðir, reiknikunnátta og mat**

- öðlist góða tilfinningu fyrir tölum og stærðum og áhrifum reikniaðgerða á þær þannig að hann geti lagt mat á útkomu
- reikni algengan reikning með tölum á staðalformi
- nái góðum tókum á öllum aðgerðum á reiknivél sem nota þarf í verkefnum námsefnis í grunnskóla, þ.m.t. ferningsrót, veldi, p og minnistakka
- nái leikni í að reikna samsett dæmi af ýmsu tagi þar sem reikniaðgerðum er blandað saman við veldi og sviga

#### **Rúmfræði**

**Tímabil:** 24.08.2015-31.05.2016

**Nafn:** Elva Þórisdóttir



- sýni góðan skilning á hugtakinu rúmmál, kunni reglur um helstu rúmmálsreikninga og geti beitt þeim
- kynnist sönnun á reglu Pýþagórasar, útskýri hana og beiti henni á réttthyrnda þríhyrninga
- tileinki sér hugtökin strýta, kúla og keila, geti lýst þeim í mæltu máli og með teikningum og reiknað rúmmál þeirra
- vinni með einslögum flatarmynda og tengsl þeirra við hlutföll
- lesi jöfnu beinnar línu, setji hana fram í hnitakerfi og kunni að lesa úr jöfnunni hallatölu og skurðpunkt við y-ás
- þekki samsvörun milli rúmmáls og mælieininga fyrir vökva og geti breytt þar á milli
- sýni skilning á hugtakinu yfirborðsmál og geti beitt reglum um útreikninga á yfirborðsmáli einfaldra rúmmynda, t.d. strendinga, sívalnings og píramída (og fundið yfirborð keilu með athugunarverkefnum)

### **Stærðfræði og tungumál**

- lesi og skrifi háar og lágar tölur sem koma fyrir í texta, töflum og myndritum, ræðar tölur, mælitölur af ýmsu tagi og prósentur, lesi og skrifi um hækkun og lækkun, hlutfallslega breytingu og algengar óræðar tölur

### **Tengsl stærðfræði við daglegt líf og önnur svið**

- setji upp töflu og jöfnu um línulegt samband og teikni samsvarandi graf, t.d. um greiðslur fyrir orkuneyslu
- beiti stærðfræði í verkefnum sem snerta samskipti einstaklingsins við samfélagið, s.s. við afborganir af lánum sem breytast milli ára í hlutfalli við breytingu á lánsklaravísitölu

### **Tölfræði og líkindafræði**

- sýni þekkingu og skilning á hugtökunum tíðni, hlutfallstíðni, tíðnidreifing, meðaltal, vegið meðaltal, úrtak, tíðasta gildi og miðgildi
- ræði um hugtakið úrtak, hvað er handahófsúrtak og hvers kyns skekkjur gætu komið fram ef ekki væri um að ræða handahófsúrtak
- reikni líkur í einföldum tilvikum þar sem einungis endanlega margar útkomur koma til greina

### **Tölur**

- vinni með stærsta samdeili og minnsta samfeldi, bæði með frumþáttun talna og þáttun á óþekktum stærðum
- einfaldi brotabrot
- þekki mengi náttúrlegra talna, heilla talna, ræðra talna og rauntalna, tákni þeirra, N, Z, Q og R, og skilji samsvörun milli punkta á línu og rauntalna

#### **Kennsluáðferðir**

##### **Bein kennsla**

Verður notuð þegar leggja á inn nýja námsþætti, skerpa á efni sem áður hefur verið tekið fyrir eða þegar leysa á sameiginleg viðfangsefni. Bein kennsla frá töflu er aðeins lítill hluti kennslunnar.

#### **Námsmat**

##### **Kannanir**

EFtir hvern kafla/lotu er kaflapróf. Kaflaprófin gilda 30% af lokaeinkunn annarinnar.

##### **Mat á frammistöðu í tímum**

Vinna nemenda í tímum, frágangur, vinnusemi, þátttaka í umræðum og þess

### **Hópverkefni**

Annað slagið eru kennslustundir skipulagðar þannig að nemendur vinna saman í pörum eða stærri hópum. Svona verefni geta verið hluti af námsmati.

### **Umræður**

Nemendur eru þjálfaðir í umræðum um stærðfræðileg málefni og læra þannig að beita stærðfræðilegum hugtökum.

### **Utanbókarnám**

Ætlast er til að nemendur kunnir utanbókar margföldunartöfluna svo og einfaldar formúlur, s.s. flatarmáls- og ummálsformúlur í rúmfræði.

### **Þjálfunarforrit**

Þónokkur áhersla verður lögð á að nemendur þjálfi nýlærða þætti í þjálfunarforritum á netinu. Þau forrit sem mest verður unnið með eru ixl.com, stodkennarinn.is, rasmus.is og skolavefurinn.is.

### **Brautalausnir**

Nemendur fá þjálfun í að leysa ýmsar stærðfræðiþrautir með mismunandi aðferðum, s.s. með teikningum.

háttar gildir 10% af lokaekunn annarinnar.

### **Heimapróf**

Á um það bil tveggja vikna fresti fá nemendur verkefni (svokölluð skilaverkefni) sem þeir eiga að vinna heima. Þessi verkefni gilda samanlagt 20% af lokaekunn annarinnar.

### **Yfirlitspróf**

Yfirlitspróf er próf sem nemendur taka í lok annar og er það byggt á því sem nemendur hafa lært á önninni. Þetta próf gildir 40% af lokaekunn annarinnar.

### **Annað**

Námsefninu er skipt upp í lotur (sjá kennsluáætlun sem nemendur fá). Nemendur vinna í námsefni sem hæfir þeirra getu. Lögð er áhersla á sjálfstæð vinnubrögð ásamt góðum frágangi og uppsetningu. Heimavinna getur hvort heldur er verið að vinna upp ef nemandi er á eftir áætlun eða þjálfunarverkefni í bókum eða á neti. Reglulega fá nemendur heimaverkefni sem gildir til einkunnar.



**Heiti áætlunar:** Sund

**Hópur:** 10. bekkur

Áfangamarkmið úr Aðalnámsskrá

### Skólasund

#### Félagsþroski - tilfinningaþroski - siðgæðisþroski

- þroskað með sér góða siðferðiskennd með tilliti til sundiðkunar
- leyst af hendi æfingar og leiki sem bætt hafa sjálfsmynd varðandi sundiðkun og almenna hreyfingu

#### Líkamsþroski - fagurþroski

- tímatöku í 50 m baksundi þar sem tímalágmark er fyrir drengi: 65 sek.
- tekið þátt í æfingum og leikjum sem bætt hafa líkamshreysti og þrek
- tímatöku í 100 m bringusundi þar sem tímalágmark er fyrir drengi: 2 mín. 15 sek.
- tímatöku í 100 m bringusundi þar sem tímalágmark er fyrir stúlkur: 2 mín. 20 sek.
- tímatöku í 50 m skriðsundi þar sem tímalágmark er fyrir stúlkur: 58 sek.
- tímatöku í 50 m baksundi þar sem tímalágmark er fyrir stúlkur: 68 sek.
- þjálfast í þolsundi og sé fær um að synda a.m.k. 600 m bringusund á innan við 20 mínútum
- tímatöku í 50 m skriðsundi þar sem tímalágmark er fyrir drengi: 55 sek.

#### Skynþroski - hreyfiþroski

- fengið frekari þjálfun í þeim sundaðferðum sem teknar hafa verið fyrir á miðstigi
- náð góðu valdi á nákvæmri útfærslu samsettra hreyfinga í 50 m bringusundi
- náð góðu valdi á nákvæmri útfærslu samsettra hreyfinga í 12 m kafsundi
- lært og þjálfast í að bjarga jafningja á sundi, björgunarvegalengd er 25 metrar; fyrir björgun skal nemandi troða marvaða í 30 sek.
- fengið aukna þjálfun í sundfimi

#### Vitsmunþroski

- þekkingu til að geta nýtt sér sund til líkams- og heilsuræktar
- tileinkað sér aðferðir við meðferð björgunaráhalda
- tileinkað sér aðferðir við björgun úr vatni

**Tímabil:** 25.08.2015-27.05.2016

**Nafn:** Finnbogi Guðmundsson

Kennsluaðferðir

---

**Bein kennsla**

**Sýnikennsla**

**Verklegar æfingar**

Námsmat

---

**Frammistöðumat**



**Heiti áætlunar:** Lífsleikni

**Hópur:** 10. bekkur

**Prepamarkmið úr Aðalnámskrá**

### **Lífsleikni**

**Tímabil:** 24.08.2015-31.05.2016

**Nafn:** Dagný Rósa Úlfarsdóttir og Helga Gunnarsdóttir

#### **Samfélag, umhverfi, náttúra og menning**

- læri að meta ráðstöfun eigin tekna með tilliti til nauðsynja og annarra útgjalda
- þekki ýmis lög og reglur sem taka til samskipta manna
- geti sýnt ábyrga hegðun í ferðum á vegum skólans
- viti um námstilboð skólans fyrir 9. og 10. bekk og hvert hann geti leitað eftir ráðgjöf um námsval og læri að nýta sér upplýsingatækni í því skyni
- þekki almennar umferðarreglur og umferðarmerki og nauðsyn þess að sýna ábyrga hegðun í umferðinni
- geti metið hvaða skyldur og ábyrgð hann ber gagnvart samborgurum sínum og efli með sér borgaravitund
- þekki hættur samfara neyslu ávana- og fíkniefna
- sé meðvitaður um félagslega og siðferðilega ábyrgð sem neytandi
- hafi tileinkað sér ábyrg sjónarmið og umgengni við nánasta umhverfi sitt og náttúru landsins
- kunni skil á einföldum launaseðlum og skilji reikningsyfirlit
- geti nýtt sér helstu fjölmiðla og lagt mat á fréttáflutning

#### **Sjálfþekking, samskipti, sköpun og lífsstíll**

- átti sig á að einstaklingar eru stöðugt að miðla tilfinningum sín á milli og láta þannig í ljós líðan sína og hugarástand
- öðlist skilning á að einstaklingar geta upplifað og túlkað áreiti í umhverfinu með ólíkum hætti
- læri að skilja hvernig fjölmiðlar skapa lífsstíl sem endurspeglast meðal annars í tilteknum kynhlutverkum og líkamsfyrirmyndum
- geti tjáð og fært rök fyrir hugsunum sínum og skoðunum á formlegum fundi
- læri að vega og meta langanir sínar og væntingar á raunhæfan hátt til að geta sett sér persónuleg markmið
- geri sér grein fyrir hlutverki laga og reglna í persónulegum og ópersónulegum samskiptum einstaklinga, t.d. innan fjölskyldu, í skóla, á vinnustað og á milli einstaklinga af ólíku þjóðerni
- geti fundið lausnir á margvíslegum úrlausnarefnum sem upp kunna að koma í daglegu lífi
- skynji félagslegar aðstæður til að geta metið hvort og hvernig hann gerist þátttakandi í þeim, t.d. að standast þrýsting til að gera eitthvað gegn betri vitund
- verði meðvitaður um rétt sinn til að halda draumum sínum og skoðunum fyrir sjálfan sig og rækta lífsgildi á eigin forsendum
- styrkist í að vernda persónuleg og tilfinningaleg mörk sín gegn óæskilegu áreiti og misbeitingu
- læri að vega og meta hvort einhver samskipti og hegðun falli utan þess ramma sem lög og reglur setja
- geti sett sér raunhæf markmið til að stefna að í lífinu

- nýti ráðgjöf um náms- og starfsleiðir
- sé meðvitaður um ábyrgð og leiðsögn foreldra í mótun lífsgilda þeirra
- sé meðvitaður um ábyrgð og leiðsögn foreldra í uppeldi barna sinna
- sé meðvitaður um að siðvit og ábyrgð, gagnkvæm virðing og persónuréttur eru helstu mælikvarðar á siðferði og kynhegðun hvers og eins
- sé meðvitaður um jafnréttis- og mannréttindahugsjónir sem leiðarljós í öllum samskiptum

#### Námsgögn

- Ýmis gögn frá kennurum, s.s.
- fræðslumyndir, fyrirlestrar, umræðuverkefni.

#### Kennsluaðferðir

---

**Bein kennsla**  
**Fræðslumyndir**  
**Fyrirlestrar**  
**Hópverkefni**  
**Umræður**  
**Vettvangsferðir**

#### Námsmat

---

**Mat á frammistöðu í tímum**

#### Annað

Lífsleikni á ungligastigi er jafnan kennd af 2 kennurum, stundum allur hópur saman og stundum skipt í minni hópa. Fengist er við viðfangsefni tengd daglegu lífi, sem og ýmsum viðfangsefnum sem tengjast einstaklingnum í samfélagi með öðrum einstaklingum.